

Sp.

605. Svar

[243. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. um framlög til framkvæmda í þágu fatlaðra.

Fyrirspurnin er í þremur tölulíðum og verður fjallað um hvern þeirra hér á eftir. Upphæðir eru í milljónum króna og miðað er við byggingarvísitölu í framreikningi. Framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra er miðað við gildistöku laganna, þ.e. 1. janúar 1984. Upphæðir eru unnar upp úr ríkisreikningi og fjárlögum nema upplýsingar um framkvæmdir sem fengnar eru frá félagsmálaráðuneyti.

1. Hve mikil skerðing hefur að raungildi orðið á lögboðnum framlögum til:

- Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1983,
- Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá 1. jan. 1984 til 31. des. 1986?

Svar:

a. Framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra.

Ár	Fjárlög	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1980	10,6	15,5	4,9	41,8
1981	20,1	23,6	3,5	19,5
1982	28,1	36,8	8,7	31,1
1983	40,0	62,6	22,6	47,5
				139,9

b. Framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra (skv. 1. tölul. 35. gr. í lögum um málefni fatlaðra; sjá einnig meðfylgjandi fylgiskjal vegna nánari skýringa).

Ár	Framlag skv. 1. tölul. 35. gr.	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1984	40,0	58,2	18,2	31,3
1985*	50,0	76,5	26,5	34,7
1986**	43,4	95,1	51,7	54,4
1987***	70,0	109,0	39,0	35,8
				156,2

* Auk framlags í fjárlögum var veitt 10 m.kr. aukafjárveiting.

** Auk framlags í fjárlögum hefur verið veitt 12 m.kr. aukafjárveiting.

*** Upphæðir miðaðar við byggingarvísitölu 307 á árinu 1987. Nóvembervísitala 1986 er 282. Ráðherra hefur þegar tilkynnt að framlag verði hækkað í 130 m.kr. í fjárlögum.

2. Hverjar hafa verið tekjur af erfðafjárskatti að raungildi frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986? Hve mikið af þeirri fjárhæð hefur runnið til framkvæmda í þágu fatlaðra?

Svar:

Vegna 2. og 3. spurninga verður að hafa í huga að tekjur erfðafjár sjóðs eiga að renna óskiptar í Framkvæmdasjóð fatlaðra frá og með árinu 1984 ef ekki koma til skerðingar-ákvæði í lánsfjárlögum. Fyrir þann tíma var einungis um að ræða ákvæði í lögum um erfðafjár sjóð sem sagði: „Fé því sem rennur í erfðafjár sjóð samkvæmt 1. gr. skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni . . .“

Tekjur af erfðafjárskatti og hluti þeirra til framkvæmda í þágu fatlaðra:

Ár	Erfðafjár- skattur skv. reikn.	Verðlag 1. nóv. '86	Til framkvæmda	Verðlag 1. nóv. '86
1980	6,3	53,3	0,3	47,7
1981	14,7	82,0	6,0	33,5
1982	28,3	101,2	9,8	35,0
1983	37,0	77,8	16,2	34,1
1984	46,0	79,2	20,0	34,4
1985	66,5	87,1	20,0	26,2
1986*	68,0	71,0		

* Áætlað.

3. Hver hafa verið heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra frá 1. jan. 1980 til 31. des. 1986?

Svar:

Heildarframlög vegna framkvæmda í þágu fatlaðra, verðlag hvers árs og verðlag 1. nóvember 1986.

Ár	Framkvæmda- sjóður öryrkja og þroskaheftra	Erfðafjár- sjóður	Framkvæmda- sjóður fatlaðra	Alls	1. nóv. '86
1980	10,6	0,3		10,9	92,3
1981	20,1	6,0		26,1	145,6
1982	28,1	9,8		37,9	135,6
1983	40,0	16,2		56,1	117,9
1984			60,0	60,0	103,3
1985*			70,0	70,0	91,7
1986*			88,4	88,4	93,0
				349,4	779,4

* Aukafjárveiting 10 m.kr. á árinu 1985 og 12 m.kr. 1986.

Fylgiskjal.

Eins og segir í upphafi er lögboðið framlag ríkissjóðs í þessum útreikningum miðað við gildistöku laga um málefni fatlaðra en þau tóku gildi 1. janúar 1984. Ágreiningur er um túlkun þessa ákvæðis og skal það nú skýrt nánar.

Samkvæmt lögnum segir um Framkvæmdasjóð fatlaðra:

„Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a.m.k. jafnvirði 55 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.“

Meðfylgjandi útreikningar byggjast á upphækkun framlags frá 1. janúar 1984 þegar löggin tóku gildi. Ef miðað á við 1. janúar 1983 lítur svarið við a-lið 1. spurningar þannig út (1. tölul. 23. gr. er tilvísun til laga um málefni fatlaðra):

Ár	Framlag skv. 1. tölul. 23. gr.	Framlag skv. lögum	Skerðing	Verðlag 1. nóv. '86
1984	40,0	90,2	50,2	86,5
1985*	50,0	118,6	68,6	89,9
1986**	43,4	147,4	104,0	109,4
1987***	70,0	168,9	98,9	90,8
				376,6

* Auk framlags í fjárlögum var veitt 10 m.kr. aukafjárveiting.

** Auk framlags í fjárlögum hefur verið veitt 12 m.kr. aukafjárveiting.

*** Upphæðir miðaðar við byggingarvísitölu 307 á árinu 1987 en 282 í nóvember 1986. Fjármálaráðherra hefur þegar tilkynnt að framlag verði hækkað í 130 m.kr. í fjárlögum 1987.